Bjarni Halldórsso[n]
sýslumaður

Ad Forlage

Astridar Biarnadottur Vidalin,

er til Islands influttur eiñ Steiñ af Marmara,

yfer hennar Sal. Fødur,

Syslumann

Biarna Haldorsson,

Hvorn hun alleina hefur bekostad sem eldsta Barn, so vel til heidurs sinum hattelskada Fodur, sem odrum Naungum.

Vivit post funera virtus.

Kaupmannahøfn
Prentad hia Paul Hermann Høecke.
1777.

Text. Psalm. Davids XII. Vers 1.

Hiaalpa þu Drottiñ þviad hinir heilogu eru fæckader og hinir trufostu eru faaer medal mañaña Barna.

Þesse Texte var af Profastenum Sra. Biarna Jonssyne vid Jardarfør Sal. Syßlumansens BIARNA HALDORSSONAR merkelega utførdur i eiñe agiætre Likpredikun, asamt Lifshistoriuñe hvoria Velæruverdigur Profastureñ Sra. Biarne Jonsson a Breidabølstad hefur samanteked og hliodar sem her filger.

Lifs Historian.

So kiemst sa vise medal Mañaña Salomon Kongur ad Orde Prov. 10. Minning Rettlatra blifur i Blessan, Eñ Nafn Ogudrækens funar.

J þessum agiætu Ordum er audsen sa Mismunur sem almattigur Gud giorer og vill giora lata á mille Rettlatra og Ranglatra, mille þeirra sem Gude þiona og hiña sem honum ecke þiona Mal. 3. bæde Lifs og Lideña; her stendur ad Miñing Rettlatra blife i Blessan, þad er hun forgleimest aldrei, fyrnest ecke nie forgeingur, hvørke á Himnum nie á Jorduñe, og med þvi hun forgeingur aldrei, þá blifur

hun i Ævarande Blessan, bæde hia Gude og Himnum og Gudhræddum og Jorduñe þvi þeim Rettlata mun aldrei gleimt verda. Psalm. 112. Eñ fyrer Rettlata hvorra her geted verdur eiga ad skiliast aller þeir sem fyrer saña og Lifande Tru og Jesum Christum eru Guds Born ordner Gal. 3. og eru helgader afþveigner og rettlætter i Nafne Drottens Vors Jesu Christi og fyrer Anda Guds 1 Cor. 6. þessara Nofn eru skrifud og Himnum Luc. 10. skrifud og Lifsbokeñe Ph. 4. skrifud og lifande Bok Lambsens Apoch. 21 Her þvert a mote funar. Nafn Ogudlegra, og þeirra miñing forgeingur, þeim er forgleimt og Himnum, þeir eru afmader af Lifsbokeñe efter þvi sem Gud seiger, þañ sem syndgar og mote mier, vil Eg og afmaa af miñe Bok Exod. 32. þeirra Nofn afskefur hañ ætid og ad Eylifu Ps. 9, og þaradauk vill hañ eirnig burtræta þeirra Miñing af Jorduñe Ps. 34. Eñ framar siaum vier þad, ad lika sem Miñing Rettlatra blifur i blessan og Himnum, so vill sa Heilage Himens og Jardar Herra ad Hans Blessader og þeirra miñing blife eirnveg i Blessan og Jorduñe, Hvad so er skilian-

de ad Hañ vill vier hofum þeirra Nafn, þad er þeirra gudrækelegt Liferne, og Dygder, sem Hañ hefur sialfur þá medpridt, jafnañ i fersku miñe med tilbærelegre Vyrdingu til þacklætes og Lofgiordar vid Gud sem þá med slikum Dygdum prijdde, studde med siñe Nad og Leidde med sinum Anda, þarnæst oss þeirra Nafn oss minesstædt ad vera, oss til amiñingar ad feta þeirra Dygdaferel, hvern þeir undañ oss geinged hafa þvj lika sem þeir Rettlatu häfa hier i Life lated sitt Truar lios lisa med geislum gudlegs lifernis og godra Verka fyrer moñum, so vill Gud vier staum̃ þeirra godverk. Matth. 5. og sieum þeirra miñuger leingur eñ þeir lifa, til ad breida effter þeim og med slikre Efftertbreitne ad dyrka þañ Himneska Fodur.

Eñ á medal þeirra, hvorra Miñing og merkelegt Nafn, byriar ad blifa i Blessan, Æru og Virdingu medal vor maña, má med rettu reiknast vor Lofsverde Sal. Valdsmadur BIARNE HALDORSSON hvors Likame her liggur framlideñ fyrer vorum Augum, sem vilium̃ nu iñañ litels Tima fylgia honum til sins sidarsta Svefn herbergis Grafareñar, af

hvorre Höfud Eingelsens Raust og Gudslúdur 1 Thess. 4. mun Hañ þa Domsins deige, uppvekia, og eylifum Oforgeingelegleika iklædañ Saluñe samteingia, hvored med hinu dyrmæta Jesu Blode hvitfagud iñtekiñ er i þañ oruggvasta Guds Handar Gridastad, hvar hun bijdur siña og Likamans Blessadra Samfunda og sællrar Samteingingar a upprisu deige alls holds. Nu uppa þad ad miñing þessa vors Sal. Valdsmans sem blifur i Blessan þa Himnum meige og i Blessan blifa vor þa medal þa Jorduñe, þa vilium vier nu giefa oß til ad heira lited Agrip af Häns Uppruna, Lifs og Vidskilnadar Historiu, so hliodande sem fylger.

Hañ er Barnfæddur og i þenañ Heimboren fyrer Suñañ þa Islande ad Husafelle i Borgarfiardar Syßlu þa lideñ voru fra Hingad burde Vors Herra Jesu Christi 1701. Aar þañ 5 Septembr. Hans Fader var sa Æruverdige og Miogvelgafade Keñemañ Sra. Haldor Arnason sem var Prestur tll Husafells i Borgarfyrde. Modur Sra. HALDORS var Gudrun Biarnadottur, komeñ af þeirre Ætt

Sig-

Sigvalda Langalifs, ſem meinaſt Sonur Lopts Rika. Vidara eru fyrrverande Klauſturhaldararner og Pickvabæ, Sigvalde og Haldor hans Forfedur. Item Sra. Olafur Gudmundſon er hiellt Hiardarhollt, komner af þeim mikla Mañe Gudmunde Araſyne Rjka og Reikholum og er þar vid kend ſu Nafnfræga Gudmundar Ætt, ſem hefur ad rekia ſitt Kiñ til Watnsfiardar Chriſtinar Biörns Jorſalafara og Eyriks Riddara. Eñ nu fleire ypparleiger Meñ Lands þeſſa eiga heima i þeſſare Ættartolu, nefnelega Þorleifur Biörnſon Riddare. Biörn Þorleifsſon, eirnveg, Oluf Loptsdotter Rika, Guttormsſonar Örnolfſonar fra Modruvollum. Arne Bonde Gislaſon Stor og Nafnkiendur Madur i þeſſu Lande er var og Hlidarenda, var og hans Forfader, eirniñ Finnboge Logmadur. Torfe Riddare Araſon, Þorſteinn Logmadur, Brandur Logmadur, Þorvaldur Loptſon, Margret Vigfusdottur Hyrdſtiora af Norſkum Adle. Sra. Einar Sal. ad Eydolum hvors Ætt ad rakiñ verdur til þeß meſta og beſta Gofigmeñis i þeſſu Lande og þeſſare og undañ farande Old.

Modur

Modur Ætt þessa Sal. Mans BIARNA HALDORSONAR Syßlumans og Klausturhaldara er ad telia til Jons Biörnsſonar aa Grund i Eyafyrde, Sra. Biörns Jonsſonar, Araſonar Biſkups, eirvveg Odds (Leps) Nordſka Hyrdſtiora og Lopts Rjka, samt añara Landshofdingia sem Adur er geted uñ i Hans Fodur Ættar-Tolu. Benedikt Haldorſon er var aa Modru vollum a her og ſkildt vid. Framar Hans Ætt ad fortelia hindrar sumpart miñ okuñugleike, og ſineſt þar hiaa ej ſo naudſinlegt ad giøra i þeſſum Stad, hvar uñ maa vera nog sagt ad hañ var komiñ af agiætum Ættum her a Lande.

Þegar Gud hafde bleſſad Hans Æruverdigu Foreldra med ſliku Lifs Afkvæme, lietu þaug þad vera ſina fyrſtu Skyldu ad Hañ fyrer H. Vatnsſkirn iñtekiñ yrde i hiñ Eylifa Nadar Sattmalaa, og til Friofgunar inplantadur Jeſu Chriſti bleſſudum Likama, hvad ed ſkede ſtrax a sama Deige og Hañ fæddur var og ſidan effter sem Alduriñ færdeſt yfer Hañ, lietu þaug med ſtærſtu ahiggiu ſier umhugad

vera,

vera, ad venia hañ vid ad læra bidia og lesa. Tok hañ þvj strax til fyrer þeirra Christelega umöñuñ ad bera godañ Avöxt og Esa sig ꝏ unga Aldre i Mentum og Mandigdum sem hans ungu Arum var færelegt ad nema og dvalde so heima hia sinuñ Elskulegu Foreldrum þar til Hañ var af þeim settur til Trivial Skolans ad Skalholte i hvöriuñ hañ tok so agiæta Framfor ad hañ ꝏ 5 Vetrum lidnuñ var þadañ Dimissus med þa verande Rectoris Erlends Magnussonar og Biskups, agiætum Testimoniis, ꝏ sinu 20 Alldurs Aare þar effter excolerade hañ sin Studia i Heima Husuñ þar til hañ Aare sidar 1721 gaf sig med Liufum Vilia og Radi siña elskulegu Foreldra til þeß Kongl. Residentz Stadar Kaupenhavnar, þeß Erendes ad taka eñ þa frekare Framforum i sinum Studiis, hvar til hañ hafde mikla Lyst og agiætar gafur af Gude þeiged, og so snart hañ var þangad komiñ fyrer gudlega vardveitslu, deponerade hañ an Dvalar og skommu sidar a sama Vetre submitterade hañ sig Examini Theologico, hvort hañ utstod i agiætañ mata under Doctor J. Bartholin og

Professor J. Steenbuch, og feck Characteren haud illaudabilem. Kom so ad siñe Attestatiu tekiñe med goduñ Lofstjr affrur til Fodurlandsens 1722. Var so strax a sama Aari kalladur af Sal. Biskupenum Mag. Jone Arnasyne Sællrar miñingar til ad vera Skola Meystare i Skalholts Skola, hvoriu Embætte hañ þienade i 5 Aar med stærstu Aud og ofreittre Kostgiæfne so Ungdomuren giorde goda Framfor under hans Tilsogn. Eñ a sidarsta Aari hans Skolameystara Embættes þoknadest Gude ad lata Hañ iñganga H. Hionabands Stiett, og valde honum til Brudur þaa verande Veledla Jomfru Holmfride Dotter þeß havitra Mans Sal. Pauls Vidalin Logmans Nordañ og Vestañ a Islande, var þeirra Brudkaup halded med miklum Soma og Vyrdingu ad Videdalstungu her iñañ Hunavatns Syßlu, i hvorin þeirra Hionabande framkom sem David seiger ad Augu Drottens seu yfer þeim sem hañ ottast. Þin Hustru skal vera sem avaxtarsamur Vinvidur umhverfis þitt Hus, þvi þeirra Hionaband blessade Gud a 9 Ara Tjma er samanlifdu med 8 Bornnm 3 Sonum og

5 Dætrum, hvor oll eru i Gude sætlega sofnud ad undanteknum gofigum Sr. Haldore Widalin Reineneſtadar Klauſtarhaldara sem her er nu nærverande og tveimum Velædla Dætrum nefnd. Hustru Þorbiorgu og Mad. Aſtride hvoriar badar eru fiærverande en þo hiartaulega þreijande þennan sin elſkulega Fodur. Þegar nu þeſſe vor Sal. Guds Aſtvinur hafde þenad adur aminſtu Skolameiſtara Embætte um fyrr umgetinn 5 Ara Tjma med ypparlegre Alud og Agiætum averte. Þoknadeſt Gude ad lata sia ad hann Bleſſadur vilde sem fyrer Troppugang uppheſia hann til en nu vigtugrar Þionuſtu vors Fodurlands þa Hans Kongl. Mayeſtet tiltrude honum Hunavatns Syßlu i Nordarlande, til hvorrar hann kom 1728, og þar hann hafde henne ypparlega þionad i 9 Ar lagde hinn alvise hatignar Kongurinn honum uppa 1737. þa ſtoru Beſtilling Þengeyra Klauſtur aſamt fleirum vigtugum Forrettningum, hvorium hann þionade med allre Æru og Sæmd til sins Andlats.

Peñañ Lofsverda Sæla og Sal. Guds Astvin hafde Drotteñ pridt og begafad med morguñ ypparleguñ Digduñ og Mañkostuñ hvad mier er alkuñugt so vel af truverdigre Heirn sem personulegre Reinslu uñ þau 15 Ara Tima er eg sem Soknar Prestur þionadé Þingeyra Klausturs Kirkiu Sofnude, sem var fyrst Gud hrædsluñar Gied, hvar til var hid vissasta Merke ad hañ heirde Guds Ord alltjd i Kirkiuñe þoa þad var þar uñ hond haft, og elskade þad las þad sialfur og liet lesa i siim Huse medtok þad med þacklæte og liet a sier merkia andmlukt Hiarta fyrer Gude.

Sitt Syßlumans Embætte forstod Hañ med gudrækne Roksemd og Rettdæme, fyrer utañ mangreinar Alit, takande æid i Agt Guds Dyrd, Kongsens Respect, siña Underhafande og Landsens Velferd, hatande Leste og Odygder, hvoriar hañ med godre Skinseme straffade, og liet sig hverke fyrer Vild nie Vinattu þar fra leida.

Hañ var forſtandugur og rokſamlegur i Huſtiorneñe, merkur og hreinlindur i ollum Vidſkifftum, þad var ej ad ottaſt ad hañ geimde añad i Hiartanu eñ hañ talade med muñe-num, uppa hans Loford mattu meñ ſig reida ſo vel ſem añara Handſkriffter, vid ſitt Heimilisfolk og adra Syßlañar Jñbyggiara uppfrædingargiarn og Amiñingarſamur til þeß ſem beſt matte fara, Hañ hafde einga Velþoknan ꝏ añara Olucku, bygde og aldrej ſina Lucku ꝏ Fordiorſun añara, Aumum og Fatækum gierde hañ til goda, hvar til var hin viſſaſta Beviſing ad hañ 1763 ſkeinkte Jordena Medalheim liggiande i Torfalækiar Repp innañ Hunavatns Syßlu 24 Hundr. ad Dyrleika med 4 Kugildum, fatækum til Lifsbiargar her i Syßlu. Fyrer utañ þetta ſinde hañ ſtorar Velgiorder veikum og gomlum og liet vera þeim til Hiukrunar, þenurum ſinum og Þionuſtu Folke var hañ til Lidſemdar. Hañ var miog logvis madur ſo vel i Andlegum ſem veraldlegum Rette, vel kuñande Latinu, Griſku, Donſku og Þidſku, ſamt velſkiliande Fronſku, Antiqvarius var hañ og med þeim agiætuſtu, ſomuleides Saung-

kuñ-

kuñande med þeim bestu og þessu Seculo, sem Hans Specimina þarum̃ Vitne bera. A þennañ siñ Alstvin þoknadest Gude ad leggia Veikleika og Siukdom sierdeiles i þaug sidurstu 6 hans Aldursaar, hvad hañ um̃bar med þogn og stærstu þolinmæde, so snart eingiñ kuñe þad ad merkia nema lited kanske þeir honum handgeingnaster voru, so ad i næstlideñ nefnd Ar hefur hañ ej gietad sig hrært af sinu Heimile og eckert ad undanteknu þvj ad hañ hefur offtast um̃ sitt Svefnkamers og Stofu getad geinged, og i Kirkiuna komest hvar til hañ ætjd lagde allañ Hug og Vilia, so nær Hañ gat ej geinged var hañ a Stole (effter hans Tilsøgn) i hana boriñ. Eñ Nottena mille þeß 4da og 5ta Januarii næstlidens tok so miog ad draga af hans mæle, þo heirde nalægt Folk hañ odruhvoriu lesa þad Blessudu Bæn Fader Vor ꝛc. samt fleire hiartnæmar Andvarpaner, eñ odruhvoriu fell a hañ sagt Svefnmok. Þar til Kl. 4. um̃ Nottina effter þrettanda þoknadest vorum Drottne fyrer eirn hægañ Afgang ad iñtaka hans Salu til þeß Eilifa Lifsens og himneskrar Sælu og hans Siotugasta og 2dru

Ald-

Alldurs Are, þa hañ hafde Vel og Ypparlega Embættenu þionad i 50 Ar, eñ i Egtaskap vered i 9 Ar. Dyrd sie Gude i Upphædum fyrer hans Saluhialplegt Frelse. Drottiñ gaf Drotteñ aftok, sie Nafn Drottens Blessad ad Eylifu.

Hrosar nu sigre ä Himna Tron, Herrans ut valid barn og þion, blessada Coronu ber nu hann.

Biarne Haldorsson Syslumann sem her i Veröld vandade vel med Röksemd sitt Embætte.

EPITAPHIUM

CONDUNTUR

HOC CAPULO

EXUVIÆ

VIRI

NOBILISSIMI & CONSULTISSIMI

BERNHARDI HALTHORÆI

QVI

SUMMA GRAVITATE VIGILANTIA & JUSTITIA.

FASCES SCHOLÆ SGHALHOLTINÆ,

per annos V.

TOPARCHIAM HUNAVATNENSEM

per annos XLV.

COENOBIUM THINGORENSE

& ejus latifundia

per annos XXXV.

moderabatur.

Pie & placide anno ætatis suæ

LXXII. Die VII. Januarii

denatus.

Impensis

A. V.

1777.

ASTviner samt þo sakne hans, sie þeim þad huggun best til sans, Astrider hann nu ecke neitt,

Er hönum besta Hvildenn veitt, ASTudleg Sion Guds andlites, eilif vegsemd og Tignar Sess.